



Gjaldskrá og verklag vegna breytinga á sorpílátum

660l ílát verð (almennt, plast eða pappír/pappi):	50.000 kr.
360l ílát verð (plast eða pappír/pappi):	14.000 kr.
240l ílát verð (almennt):	12.000 kr.
140l ílát verð (lífrænt):	10.000 kr.
Fast breytingagjald:	5.000 kr.
Tunna tekin uppí (stærð íláts hefur ekki áhrif):	10.000 kr.

- Allar óskir um breytingar á ílátum þurfa að fara í gegnum ritara Flóahrepps:

anna@floahreppur.is / 480 4370

- Rukkað er fast breytingagjald fyrir allar breytingar og er það innheimt af Flóahreppi.
- Uppítökuverð fyrir ílát dregst frá kostnaði við nýtt ílát.

Dæmi: Íbúi skilar 660l íláti fyrir plast eða pappír/pappa og vill fá 360l ílát í staðin. Hann greiðir 5000 kr breytingagjald, 14.000 kr fyrir nýtt ílát og Flóahreppur tekur gamla ílátið uppí á 10.000 kr. Íbúi greiðir samtals 9.000 kr fyrir breytinguna.

- Sé óskað eftir því að fækka ílátum þá er greitt fyrir ílát eins og um uppítöku sé að ræða skv. verðlista að ofan. Ath. miðað er við ílát fyrir alla 4 flokkana þar sem greitt er fyrir sorphirðu.

Dæmi: Íbúi skilar 660l íláti sem var aukalega við þau 4 sem eiga að vera. Íbúi greiðir 5000 kr. breytingagjald og Flóahreppur tekur gamla ílátið á 10.000 kr. Íbúi fær greiddan mismunninn eða 5000 kr. Skráning í álagningakerfi breytist þannig að ekki er rukkað fyrir ílátið og sorphirðugjöld á íbúa lækka þannig.

- Flóahreppur og ÍGF sjá um útskipti á ílátum – bæði ef skipta þarf út ílátum eða ef sækja þarf ílát vegna fækkunar á ílátum.

Þingborg 10.01.2023

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri